

Verkefnisstjórn landsáætlunar í skógrækt

Reykjavík, 18. júní 2021

Efni: Umsögn um drög að landsáætlun í skógrækt 2021-2031

Fuglavernd fagnaði í bréfi til umhverfis- og auðlindaráðuneytis þann 31.1.2020 gerð landsáætlunar í skógrækt (skammstöfun LSK). Félagið taldi að hér væri tækifæri til að sætta sjónarmið náttúruverndar og skógræktar. Fuglavernd kom á framfæri athugasemdum vegna LSK sem sneru að: (a) umfangi skógræktar; (b) um nauðsyn þess að ná sátt um hugtakið „líffræðileg fjölbreytni“; (c) hvaða þætti tengda náttúruvernd bæri að skoða þegar land er valið til skógræktar; (d) um nauðsyn samráðs; og (e) að meta umhverfisáhrif og þar með talið þær hættur sem stafa af ágengum og mögulega ágengum framandi tegundum. Jafnframt hvatti Fuglavernd til þess að gerð yrði verndaráætlun fyrir mófugla og lagt yrði mat á verndargildi vistgerða og að þær niðurstöður yrðu hluti af þeim forsendum sem ráða vali á skógræktarsvæðum. Tilvitnað bréf Fuglaverndar má finna á vef félagsins samanber: https://fuglavernd.is/heim/um-fuglavernd/alyktanir_umsagnir/

Fuglavernd hefur að auki svarað skriflega þann 4.11.2020 spurningalista frá framkvæmdastjóra LSK. Jafnframt kom Fuglavernd með gagnspurningar til LSK um þætti tengda umhverfismálum sem ekki var fjallað um í fyrrnefndum spurningalista. Þessar gagnspurningar fjölluðu m.a. um: (a) hvernig skógræktin ætlaði sér að lágmarka það tjón sem mófuglastofnar munu verða fyrir vegna aukinnar skógræktar?; (b) hver væri afstaða skógræktarinnar til gerðar rammaáætlunar um landnotkun?; (c) hefur búseta þeirra sem fá styrki til skógræktar og hvar þeir stunda sína búsetu verið rannsökuð?; og (d) eru áætlanir og verkferlar í gangi til að hemja þær framandi tegundir sem notaðar eru í skógrækt ef þær skyldu gerast ágengar. Tilvitnuð svör Fuglaverndar og gagnspurningar til framkvæmdastjóra LSK má finna á vef félagsins samanber: https://fuglavernd.is/heim/um-fuglavernd/alyktanir_umsagnir/

Nú hafa drög að LSK verið kynnt samanber: <https://www.skogur.is/is/nyskograekt/landsaaetlun-i-skograekt/landsaaetlun-i-skograekt/drog-ad-landsaaetlun-i-skograekt-2021-2025>. Fuglavernd hefur kynnt sér drögin og því miður teljum við þau falla á þáttum sem snúa að náttúruvernd og eru ekki á sáttagrúnnur sem vonast var eftir. Áætlað umfang skógræktar er slíkt að það mun hafa veruleg neikvæð áhrif á mófuglastofna. Þær tegundir sem á að nota í skógrækt eru flestar framandi og sumar ágengar eða mögulega ágengar líkt og stafafura. LSK er ógn við líffræðilegan fjölbreytileika í landinu. LSK tekur ekki tillit til annarra gerða landnotkunar svo sem vegna náttúruverndar eða landbúnaðar. LSK er í andstöðu við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á sviði náttúruverndar. Ljóst er að ef þær hugmyndir sem reifaðar eru í LSK ganga eftir munu áhrif á lífríki landsins vera verulega og að sama skapi fjárútlát hins opinbera til að bæta skaða þessara aðgerða.

Fuglavernd styður eindregið minnihlutaálit við drög að landsáætlun í skógrækt (sjá vefsvæði LSK). Jafnframt mun Fuglavernd hvetja umhverfis- og auðlindaráðherra til að sjá til þess að drög að LSK verði dregin til baka og að hlutlausir fagaðilar, þ.e. sem ekki hafa beinna hagsmuna að gæta við aukna skógrækt, fengnir til að vinna þá þætti áætlunarinnar sem tengjast náttúruvernd, landnotkun og skipulagi, líffræðilegum fjölbreytileika, notkun framandi tegunda í skógrækt og mati á umhverfisáhrifum skógræktar. Ljóst er að verkstjórn Skógræktarinnar á þeim þáttum í LSK gengur ekki upp.

Virðingarfyllt, f.h. stjórnar Fuglaverndar



Ólafur K. Nielsen, formaður Fuglaverndar